

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
16. sep. 2011 10.5.6	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. september 2011  
Tilvísun: UST20110800132/bs

### Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Nokkurt ósamræmi virðist vera þegar kemur að forsendum fyrir byggingu snjóflóðavarnargarða. Á bls. 5 segir m.a.: "Snjóflóð eru raunar aðeins þekkt úr vestustu giljunum neðan Gleiðarhjalla og eru sjaldgæf." á bls. 7 segir: "Erfitt er að meta snjóflóðahættu undir Gleiðarhjalla, þar sem snjóflóð eru þar sjaldgæf". Á sömu blaðsíðu segir: "Lagt er til að....byggja 14 metra háa þvergarða, til þess að verjast snjóflóðum þar sem snjóflóðahætta ógnar byggð."


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði fjallað á skýrari hátt um áhættu og stærð þeirra mannvirki sem ráðgert er að reisa. Umhverfisáhrif ráðast að miklu leyti af umfangi fyrirhugaðra mannvirkja. Því ætti þörfin fyrir mannvirki af þessari stærð að vera vel skilgreind í frummatsskýrslu.


Fjallað er um efnistöku á bls. 10. Þar kemur fram að óvissa ríkir um flesta þætti varðandi efnistöku úr námum, mögulega vinnslu á framkvæmdasvæði og haugsetningu umframefnis. Ráðgert er að leggja fram í frummatsskýrslu áætlun um efnistöku og frágang á framkvæmdasvæði.

Umhverfisstofnun vill benda á að ólíklegt verður að teljast að unnt verði að vinna eftir slíkri áætlun miðað við þá óvissu sem ríkir í þessu efni. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu ætti að fjalla um nokkra möguleika varðandi efnistöku og haugsetningu umframefnis miðað við þá óvissu sem virðist ríkja varðandi þennan þátt framkvæmdarinnar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri